



Flóahreppur
b/t sveitarstjórnar Flóahrepps
Árni Eiríksson
arni@floahreppur.is

Borg, 19. mars 2021.

Efni: Erindi til Flóahrepps um sameiginlega vatnsöflun.

Grímsnes- og Grafningshreppur er að leita leiða til að tryggja íbúum, fyrirtækjum og frístundahúsaeigendum aðgengi að vatnsveitu sveitarfélagsins. Nú þegar er í gangi vinna við að kostnaðargreina vatnsveitu frá Fljótsbotnum með uppsveitum Árnessýslu og Flóahrepp. Sveitarfélagið hefur þó einnig áhuga á því að skoða fleiri kosti til samanburðar.

Á fundi sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps þann 17. mars síðast liðinn voru ræddir kostir um vatnsöflun í sveitarfélaginu og mögulegt samstarf við Flóahrepp um sameiginlega vatnsöflun.

Tilgangur þessa erindis er því að kanna áhuga Flóahrepps á að taka þátt í þessari athugun með það í huga veitan gæti nýst Flóahreppi til frambúðar. Um er að ræða langtíma verkefni til að tryggja sveitarfélögunum og íbúum þess öruggt neysluvatn til frambúðar.

Virðingarfyllt,
fh. sveitarstjórnar



ODDVITI

GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR

Ása Valdís Árnadóttir

Ása Valdís Árnadóttir, oddviti